

Nefndarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2022

Efni: Umsögn Landsambands eldri borgara – LEB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 (frítekjumark vegna lífeyristekna) - 36. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að ellilífeyrisþegi hafi 1.200.000 kr. sérstakt frítekjumark vegna lífeyristekna.

LEB fagnar framkomnu frumvarpi og telur að slík breyting sé mikil kjarabót fyrir ellilífeyrisþega. Samhliða slíkri breytingu er mikilvægt að kveða á um með skýrum hætti hvernig frítekjumarkið breytist árlega. Eðlilegt er að miða árlega hækkun við breytingu á neysluvísutölu Hagstofu Íslands.

Íslendingar hafi búið við mikla verðbólgu síðustu misseri og útlit fyrir að svo verði áfram út þetta ár. Verðbólgan hefur leikið ellilífeyrisþega illa m.a vegna þess að lífeyri frá almannatryggingum hefur ekki haldið verðgildi sínu og sparifé hefur verið með neikvæðri ávöxtun. Brýn þörf er að bregðast við kaupmáttarrýrnun ellilífeyrisþega og hækkun á frítekjumarki vegna lífeyristekna myndi bæti fjárhagsstöðu allra hratt og vel.

Lang stærsti hluti ellilífeyrisþega er með megin hluta tekna sinna frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum. Miklar tekjutengingar sem eru í núverandi kerfi koma í vega fyrir að ellilífeyrisþegi geti bætt fjárhagslega afkomu sína. Jaðarskattar eru á bilinu 70-80% sem halda mörgum í fátæktargildru. Það er afar brýnt að samstaða náist um að um að draga verulega úr skerðingum vegna tekna frá lífeyrissjóðum.

Eðlilegt er að horfa til þess við útreikning á kostnaði vegna hækkun frítekjumarks að 70% þeirra sem nyttu breytingarinnar munu greiða 37,95% í staðgreiðslu. Einnig er nauðsynlegt að taka tillit til þess að stór hluti tekna ellilífeyrisþega fer í daglega neyslu og af henni eru greiddir neysluskattar sem renna að mestu til ríkisins. Því má ætla að nettó kostnaður við að hækka frítekjumark vegna lífeyristekna í 1.200.00 kr. sé nær 10 milljörðum en 16.

F.h Landssamtaka eldri borgara

Þorbjörn Guðmundsson formaður Kjaranefndar LEB